

## REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) nr. 2871/2000

2002/EES/12/38

frá 28. desember 2000

## um aðlögun reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 3922/91, um samræmingu á tækniröfum og stjórnsýslumeðferð á sviði flugmála, að framförum á sviði vísinda og tækni(\*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA  
HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3922/91 frá 16. desember 1991 um samræmingu á tækniröfum og stjórnsýslumeðferð á sviði flugmála <sup>(1)</sup>, eins og henni var síðast breytt með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1069/1999 <sup>(2)</sup> einkum 11. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Samkvæmt reglugerð (EBE) nr. 3922/91 skal framkvæmdastjórnin gera breytingar, sem nauðsynlegar eru vegna vísinda- og tækniframfara, á sameiginlegum tækniröfum og stjórnsýslumeðferð, skráðum í II. viðauka við hana. Nú er rétt að gera þessarar breytingar, einkum til að herða öryggiskröfumar.
- 2) Gerðar hafa verið breytingar á JAR 1 – „Definitions“ (skilgreiningum) til þess að taka upp skilgreiningu á fisi.
- 3) Gerðar hafa verið breytingar á JAR 25 – „Large Aeroplanes“ (um stórar flugvélar) til þess að taka upp endurskoðaðar kröfur sem byggja á samræmingaraðgerðum flugöryggissamtaka Evrópu (JAA) og flugmálastjórnar Bandaríkjanna (FAA), einkum að því er varðar hemlunarvegalengd við flugtak og afkastagetu sem tengist henni.

4) Gerðar hafa verið breytingar á JAR E – „Engines“ (um hreyfla) til þess að taka upp endurskoðaðar kröfur sem byggja á samræmingaraðgerðum flugöryggissamtaka Evrópu (JAA) og flugmálastjórnar Bandaríkjanna (FAA) auk breytinga af ritstjórnarlegum toga.

5) Gerðar hafa verið breytingar á JAR TSO – „Technical standard orders“ (um tæknistaðlafyrirmæli) til þess að taka upp ný tæknistaðlafyrirmæli og til þess að endurnýja önnur tæknistaðlafyrirmæli, í samræmi við breytingar á öðrum JAR-reglum.

6) Ráðstafanir, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar um flugöryggisreglur <sup>(3)</sup>,

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Viðaukinn við þessa tilskipun komi í stað II. viðauka við reglugerð nr. 3922/91 (EBE).

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 28. desember 2000.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Loyola DE PALACIO

varaforseti.

(\*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjtið. EB L 333, 29.12.2000, bls. 47, var nefnd í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 78/2001 frá 19. júní 2001 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn. Sjá EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna nr. 44, 6.9.2001, bls. 23.

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB L 373, 31.12.1991, bls. 4.<sup>(2)</sup> Stjtið. EB L 130, 26.5.1999, bls. 16.<sup>(3)</sup> Fundur haldinn 10. nóvember 2000.

## VIÐAUKI

## „II. VIÐAUKI

**Skrá yfir gildandi reglur um sameiginlegu tækniröfurnar og stjórnsýslumeðferðina sem um getur í 3. gr.**1. *Almenn ákvæði og málsmeðferð*

JAR 1 „Skilgreiningar og skammstafanir“, til og með 5. breytingu, frá 15. júlí 1996 ásamt breytingunum 1/97/1 frá 12. desember 1997 og 1/99/1 frá 18. október 1999.

2. *Gerðarvottun á framleiðsluvörum og íhlutum*

JAR-22 „Sailplanes and powered sailplanes“ (svifflugur og vélflugur), til og með 5. breytingu, frá 28. október 1995.

JAR-25 „Large Aeroplanes“ (stórar flugvélar), til og með 15. breytingu, frá 1. október 2000.

JAR-AWO „All Weather Operations“ (starfræksla við öll veðurskilyrði), til og með 2. breytingu, frá 1. ágúst 1996.

JAR-E „Engines“ (hreyflar), til og með 10. breytingu, frá 15. ágúst 1999.

JAR P „Propellers“ (skrúfur), til og með 7. breytingu, frá 22. október 1987 ásamt breytingu P/96/1 frá 8. ágúst 1996.

JAR-APU „Auxiliary Power Units“ (aukaafnbúnaður), til og með 2. breytingu frá 26. september 1983, ásamt breytingum APU/92/1 frá 27. apríl 1992 og APU/96/1 frá 8. ágúst 1996.

JAR-TSO „Technical standard orders“ (tæknistaðlafyrirmæli), til og með 3. breytingu, frá 28. apríl 1998 ásamt breytingu TSO/00/4 frá 1. september 2000.

JAR VLA „Very light aeroplanes“ (mjög léttar flugvélar), fyrsta útgáfa, frá 26. apríl 1990 ásamt breytingunum VLA/91/1 frá 22. október 1991 og VLA/92/1 frá 1. janúar 1992.

JAR 145 „Approved maintenance organisations“ (samþykktar viðhaldsstöðvar) 1. janúar 1992.“

---